

66
15. júlí

Auglýsing

um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar og sveitarfjölög, er hjermeð staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

Heilbrigðissamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin hefir gildi á kaupstaðarlóðinni eins og hún er eða verður.

Á bygðum svæðum í lögsagnarumdæmi bæjarins utan kaupstaðarlóðarinnar skal ákvæðum samþykktarinnar beitt að svo miklu leyti, sem við verður komið og heilbrigðisnefndin telur þörf á.

2. gr.

Bæjarfógetinn er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni hjeraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kýs til 3ja ára.

Bæjarstjórnin skipar heilbrigðisfulltrúa og setur honum erindisbrjef, skal launa honum úr bæjarsjóði. Hann skal hafa á hendi framkvæmd heilbrigðismála samkvæmt ákvæðum heilbrigðisnefndarinnar. Skylt er honum að sækja heilbrigðisnefndarfundi.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir nefndarmennirnir óska þess, þó eigi sjaldnar en einu sinni á missiri hverju. Nefndin skal hafa fundar-bók og rita í hana allar gjörðir sínar.

Formaður skal annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar en skal þá tafarlaust skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum. Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, sem ræðir um í samþykkt þessari, eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða eða láta skoða allar húseignir á því svæði, er samþykktin nær yfir.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það, sem aðfinsluvert er samkv. þessari **66** samþykkt, og skal hún (skriflega) skipa þeim, er í hlut eiga fyrir um, hvað þeir eigi að 15. júlí gjöra til umbóta.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrífnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr bæjarsjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir bæjarstjórn og fara fram á að fje sje veitt. Þó getur nefndin látið gera bráðnauðsynlegar þrífnaðarumbætur án fengins samþykkis bæjarstjórnarinnar, ef brýna nauðsyn ber til að þær sjeu gerðar tafarlaust, svo sem þá er hættuleg farsótt alt í einu kemur upp í bænum. Skal þá svo fljótt sem verða má leggja slík útgjöld undir samþykki bæjarstjórnar.

6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, er í húsinu býr, að vera húsráðandi, skal húsráðandi gegna öllum skyldum eftir samþykkt þessari, með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvíla á eiganda. Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd hver sje húsráðandi.

II. Um alment hreinlæti og þrífnað.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á hreinsun torga og óbygðra lóða. Í skipakvíarnar og á almannafæri, má enginn fleygja frá sjer hræjum, rusli, skólpi eða öðrum óhreinindum. Eigi má heldur fleygja frá sjer í læki þá, er renna í gegnum bæinn, eða í ræsi, neinu því, sem talið er í þessari grein, nema skólpi. Í ræsi má ekki kasta neinu því, sem stíflað getur vatnsrásina.

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna eða skipakvíarnar, nje skilja þar eftir neitt það, sem valdið getur óhreinlæti eða óhollustu.

Skyldur er hver húsráðandi við götur bæjarins og láta sópa al an lausan hroða af götunni fyrir framan hús sitt.

Hey, svörð eða áburð eða annað þesskonar, sem slæðist eða hrynur um göturnar, er sá sem flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs. Annars eiga kláfar eða önnur ílát, sem áburður er fluttur í, að vera svo þjett og eigi fyllri en svo að ekki hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

Mold, leifar, rusl og verkefni, sem af húsbyggingum stafar, skal færa jafnóðum í burtu svo ekki valdi óhreinlæti.

Nú eru settir safnkassar eða safngryfjur á ýmsum stöðum í bænum og eru menn þá skyldir til, ef bæjarstjórn ákveður svo, að setja slor og annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir elgi nota það sjálfir.

8. gr.

Á húshlíðar eða gafla eða girðingar, sem víta að götum, strætum eða torgum má ekki hengja, negla eða festa á annan hátt neins konar fiskföng eða annað. sem óþrífnaður er að eða óþefur. Og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri

66

15. júlí

9. gr.

Skylt er að halda hreinum portum og annari óbygðri lóð í kringum hús, og er það á ábyrgð eigendanna að þess sje gætt.

Enginn húsráðandi má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns. Gjöri hann það, skal hann vera skyldur til að flytja óhreinindin tafarlaust burtu aftur á sinn kostnað.

Þar sem svo stendur á, að skólpi verður eigi veitt frá húsum nema yfir lóð annars manns, skal húseigandinn veita því í steinlúndu lokuðu ræsi yfir lóðina, og annast um hreinsun þess ræsis einn saman, að svo miklu leyti, sem hann eigi notar það í sameiningu við lóðareigandann. Verði hlutaðeigendur ekki ásattir um rennulagninguna, sker bæjarstjórnin úr málinu.

Húseigandi skal annast um hreinsun á ræsum, er ganga frá húsinu út í göturæsi, og sjá um að þau stíflist ekki.

10. gr.

Götur bæjarins og ræsi skal hreinsa á bæjarins kostnað svo oft, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

III. Um fráræslu.

11. gr.

Þar sem eldhússkólpi eða þvottaskólpi verður ekki veitt í göturæsi eða til sjávar eða í lækki þá og kýla, er renna gegnum bæinn, má þó eigi láta það síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum að hætta sje á því, að dómi heilbrigðisnefndar að jarðvegurinn saurgist, skal veita öllu skólpi burt frá húsinu í lokuðum ræsum, sem sjeu annaðhvort pípur úr brendum leir eða sementssteypu eða trjestokkar, og skulu ræsin ná svo langt, sem heilbrigðisnefndinni þykir þurfa.

Öll skólpræsi, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim eða hætt sje við að þau stíflist, og hvergi komi pollar eða vilpur.

12. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu á opiuberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga á lóðum fram með götunni, skyldir að gera skólpræsi hver frá sínu húsi út í göturæsið, og skulu þau ræsi ekki lakari að gjörð en göturæsið.

IV. Um vatnsból.

13 gr.

Þá er gjöra skal nýtt vatnsból, eða breyta gömlu vatnsbóli, skal jafnan leitað álits heilbrigðisnefndar.

14. gr.

Vatnsveiturnar í bænum eru háðar umsjón og eftirliti heilbrigðisnefndar, bæði brunn-

arnir sjálfir og lindir þær, sem vatnið er leitt úr og leiðslupípunar. Skal þess stöðugt gætt að vatnið sje heilnæmt.

66

15. júlí

Bæði þessa brunna og öll önnur vatnsból, skal verja alls konar óhreinindum. Það er bannað að láta í þau, frá eða að þeim koma rensli úr skólpræsum, forum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo nærri þeim, hvorki fatnað eða fisk, eða neitt það annað, sem getur valdið óheilnæmi.

15 gr.

Brunna má eigi hafa nær haugum, safngryfjum eða salernum en svo, að millibilð sje 15 álnir. Nú vill einhver gera brunn á eign sinni eða breyta gömlum brunni, og skal hann, ef vatnið er notað til neyslu, tilkynna það heilbrigðisnefndinni, en hún skal leggja dóm á vatnið, þá er greftri eða borun er lokið, hvort það sje nýtilegt og hafa gát á því, að brunnarnir sjeu gerðir á þann hátt sem hjer segir:

Ef brunnur er boraður og járnþípa sett niður, skal gæta þess að samskeytin á pípunni sjeu vatnspjett.

Ef brunnur er grafinn, þá skal hlaða hann upp að innan með höggnu grjóti eða harðbrendum múrsteini og líma stein við stein með steinlími, og skal hleðslan þannig gjörð svo langt að neðan sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa eu aldrei skemra en nemi tveim álnum. Í stað slíkrar hleðslu má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal láta einskonar límkendan leir, og skal það lag vera ein alin á þykkt. Hleðslan má ná $\frac{1}{4}$ alin eða meir upp úr jörðu, og út frá brunnbarminum skal leggja eða steypa steinkraga, og skal hann vera $1\frac{1}{2}$ alin að breidd að minsta kosti, og halla út frá brunnopinu. Yfir brunnopinu skal vera vatnspjettur hlemmur, og skal taka vatnið úr brunninum með dælu, er gangi gegnum hlemminn.

16. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilnæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós að vatnið sje skaðvænt og ekki er unt að bæta úr því, skal bannað að hafa vatnið úr þeim brunni til neyslu, sje því banni eigi hlýtt, skal eigandi skyldur að moka ofan í brunninn og fylla hann svo að engu vatni verði úr honum náo. Akvæði þessarar greinar ná til allra brunna.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fylla upp og afnema þau vatnsból, sem hún telur vera mjög varasöm og óheilnæm, nema gert sje við þau viðunanlega.

V. Um peningshús og áburðargryfjur.

17. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og íbúð handa mönnum. Þar sem þetta á sjer stað nú, getur heilbrigðisnefnd þó veitt undanþágu.

18. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús eða gera áburðargryfju, þá skal hann gera heilbrigðisnefnd viðvart áður en verkið er hafið og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, sem hjer segir:

66 Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Fjós má ekki setja 15. júlí nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum. Básgólf og flór skal gera úr steinsteypu og skal flór hallast að steinræsi, er gangi í áburðargryfju eða áburðarvagn.

Áburðargryfju má ekki gera nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum, gryfjur þessar skal gera úr höggnu grjóti og steinlími, eða steinsteypu svo að þær sjeu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir; skulu veggirnir jafnan ná $\frac{1}{4}$ alin eða meir upp úr jörð og skal hafa yfir hverri gryfju sterkan hlera, svo að örugt sje að menn eða skepnur falli eigi í hana.

Það skal leyfilegt að safna áburði í vel þjettan vagn, sem ekið er burt jafnskótt og hann fyllist.

Bannað er að safna áburði í haug á húslóðum, en á erfðafestulöndum í nánd við bæinn getur heilbrigðisnefnd leyft það.

19. gr.

Ef peningshús eða safngryfjur, sem eru eldri en þessi samþykkt, valda miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita undanfarandi fyrirmælum.

VI. Um salerni.

20. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið gera salerni innan húss eða utan, eitt eða fleiri eftir stærð hússins og fjölda íbúða. Í hverju salerni skal vera bakþil, en þau eigi byggð fast upp að húshliðum eða göflum.

Innanhússalerni skal hafa í sjerstökum klefa og sje útguggi á hjörum á klefanum og ílátið undir setunni tvískift, eða tvö ílát annað fyrir saur og hitt fyrir þvag. Utanhússalerni skal eigi vera nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Gólf í salernum skal helst vera steinsteyppt, en hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni.

21. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein og saurflátin skal tæma áður en þau fyllast.

Bæjarstjórnin getur látið hreinsa salerni bæjarins gegn endurgjaldi frá húsráðendum. Hreinsun salerna skal fram fara um nætur, frá kl. 12—5 frá 1. apríl til 30. sept., en á öðrum tíma árs frá kl. 9 síðd. til kl. 7 árd. Heilbrigðisnefnd skal segja til hvar láta megi saur úr salernum.

22. gr.

Ef ekkert salerni fylgir húsi, sem er eldra en þessi samþykkt, þá skal húseigandi hafa komið upp salerni við húsið áður en ár er liðið frá því, að þessi samþykkt öðlast gildi. Ef salerni við hús, sem eldri eru en þessi samþykkt, eru illa gerð, svo mikill óþrifnaður sje að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húsráðendum, að þeir geri ný salerni á þann hátt, er segir í 20. gr., eða bæti salernið á annan fullnægjandi hátt.

VII. Um sorp og önnur óhreinindi.

66

15. júlí

23. gr.

Hverju íbúðarhúsi, sem ekki hefur sáfngryfju skal fylgja sorpkista úr málm, og skal hún gerð að fyrirsögn heilbrigðisnefndar.

Í þessar sorpkistur skal láta alt sorp, ösku og rusl úr húsum, og fleygja á burtu áður en flátið fyllist.

Bæjarstjórnin getur látið flytja burt sorp úr bænum gegn endurgjaldi frá húsráðendum, ef þeir vanrækja að flytja það sjálfir.

24. gr.

Fiskverkun og fiskþurkun skal aðeins fram fara á þeim svæðum sem heilbrigðisnefndin ákveður til þess.

VIII. Um iðnað, sem óhollusta fylgir eða óþrifnaður.

25. gr.

A kaupstaðarlóðinni eða í grend við hana má enginn reka nokkurn þann iðnað, sem óhollusta fylgir eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðsla, sítun o. s. frv. nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til þess, skal allur iðnaður vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir, bæði utanhúss og innan.

26. gr.

Verksmiðjur og vinnustofur skulu vera háðar eftirliti heilbrigðisnefndar, ef vinnan er þess eðlis, að hún geti haft skaðleg áhrif á heilsu vinnufólksins. Gildir þetta einkum þá vinnu, sem ryk fylgir eða önnur óhreinun á andrúmslofti, klæðaverksmiðjur, saumastofur, vindlaverksmiðjur o. s. frv.

Heilbrigðisnefnd ákveður í hvert skifti, hversu mikið loftrúm skuli ætlað hverjum vinnandi manni í þesskonar vinnustofum.

Gluggar skulu vera á hjörum, ef ekki er sjeð fyrir loftrás á annan hagkvæmari hátt. Gólf skal þvo daglega.

IX. Um matvæli.

27. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara sem skemd er eða skaðleg fyrir heilsu manna. Nefndinni skal vera frjálst að taka í búðum og á öðrum sölustöðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru, þeirri er hún telur líkur til, að skemd sje eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis eða annara manna er vit hafa á, að einhver matvara er skemd og skaðleg, og ekki nýtileg til manneldis, og skal þá lóga vörunni eða gera hana á einhvern hátt óskaðlega fyrir heilsu manna á kostnað þess sem vöruna hafði á boðstólum.

66

15. júlí Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaðurinn virðist með öllu óhæfur vegna óþrífnaðar. Svo getur nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir, ef næmur sjúkdómur er fyrir á sölustaðnum og hætt við, að salan greiði sjúkdómnum götu.

X. Um sláturhús og kjötbúðir.

28. gr.

Enginn má slátra skepnum til að selja, nema hann hafi til þess fengið skriflegt leyfi bæjarstjórnar, og skal hún veita slíkt leyfi, ef fullnægt er þeim ákvæðum um tilhögun á sláturhúsum, sem hjer fara á eftir.

29. gr.

Sláturhús má ekki reisa annarstaðar en þar, sem hægt er að koma afrenslis til sjávar eða í neðanjarðar göturæsi (Kloak).

Gólfíð í húsunum skal vera steinsteypt, og skal það hafa halla að skólpopum, en frá skólpopum skal húseigandi gera ræsi neðanjarðar til sjávar, eða út í læk sem rennur til sjávar, eða í neðanjarðar göturæsi ef til er.

Veggir skulu vera kalkaðir, gluggar skulu vera á tveim hliðum mótsettum, og þá hægt að opna, svo að blásið geti í gegnum húsið. Hólfa skal húsið í tvent að minsta kosti. Í einu hólfi skal drepa skepnurnar og gera til, í öðru hleypa úr innýflum, skal vera sjerstakt skólpop á gólfi í hverjum klefa. Fast við innýflaklefan skal vera vatnshelt gorflát eða gorgryfja, og skal hana gera á þann hátt sem segir í 18. gr. um áburðargryfjur.

Hafa skal vatnshana í hverjum klefa í húsinu og veita vatni að úr vatnsbóli eða vatnsíláti.

Heilbrigðisnefnd getur fyrst um sinn leyft slátrunarhús þó eigi fygi öllum þessum ákvæðum. En slátrun má eigi fram fara utan húss.

30. gr.

Stíur, rjettir eða port, sem sláturfje er geymt í, skulu vera flórlagðar.

Ef sjerstök ástæða er til, getur heilbrigðisnefnd heimtað, að steinsteypa komi í stað flórs.

31. gr.

Ekki má hafa sláturhús nær íbúðarhúsum en nemi 10 álnum og ekki nær vatnsbólum en nemi 15 álnum. Stíur, rjettir eða port, sem sláturfje er geymt í, má ekki hafa nær vatnsbólum en nemi 15 álnum.

32. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því að sláturhús sjeu vel þrifuð.

Gólf skal skola hreint á hverjum degi, þá er slátrað er, jafnóðum og þau óhreinkast. Gorgryfjur skal tæma jafnóðum og þær fyllast. Rjettir skal moka daglega, þegar skepnur eru geymdar í þeim.

Hundum má ekki hleypa inn í sláturhús, og ekki kasta sullum úr skepnum, þar sem hundar geta náð í þá, heldur skal brenna þá.

Slátrrarar skulu vera hreinlega til fara og hafa ermar brettar upp fyrir olnboga.

Bæjarstjórnin getur tekið slátrunar leyfi af hverjum þeim, er þrassinis vanrækir þessi þrifnaðarfyrirmæli.

66

15. júlí

33. gr.

Það er skylda hvers þess, er slátrar nautum, hestum eða svínunum, að ráðfæra sig við dýralæknir, þegar grurur leikur á að einhver sjúkleikur finnist í kjöti eða innýflum dýranna, sem óttast má að valdi sjúkdómi á mönnum, ef neytt er.

Enginn má hafa til matar kjöt eða slátur af sjálfdauðum skepnum eða þeim, sem drepnar hafa verið vegna kránkleika, nema dýralæknir sje tilkvaddur og dæmi það ósáknæmt.

34. gr.

Öllum sölubúðum þar sem nýtt kjöt er haft á boðstólum, skal haga eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Í slíkum búðum má ekki hafa aðra vöru en kjöt og matvæli, sem kjöt er haft í, reykt og niðursoðið fiskmeti, grænmeti, allskonar niðursoðnar vörur, egg og feitmeti, og skulu þær að minsta kosti fullnægja þeim skilyrðum, er hjer fara á eftir, enda má ekki taka þær til afnota, fyr en fengið er skriflegt leyfi heilbrigðisnefndar.

1. Gólf skal vera steinsteypt eða steinlagt, vatnshelt og á því skólpop og frá opinu skólpræsi.
2. Búðin skal eigi vera lægri en svo, að 4 álnir sjeu undir loft. Loft skal gipsa. Veggi skal fódra með gleruðum flögum, (ella rjóða á þá vandaðri sementsblöndu).
3. Hafa skal í búðinni vatnshana og veita vatni að úr vatnsveitu eða vatnsíláti, birtu skal hafa sem mesta og loftrás í góðu lagi.
4. Á borðum sem kjöt er lagt á skulu vera marmarahyllur, flögusteinsþynnur, zinkþynnur eða annað jafngott efni.
5. Nikkelhúð eða zinkhúð skal vera á öllum snögum, sem kjöt er hengt á.

35. gr.

Öll matvælagæði af kjöti, (pilsur, kæfa, o. s. frv.) skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, ef selja á matvælin. Að því er húsnaði snertir, getur heilbrigðisnefnd heimtað þann útbúnað, sem til er tekinn í 34. gr. 1—5. lið.

36. gr.

Þeim mönnum, er slátra til sölu eða selja kjöt eða gjöra matvæli af kjöti til sölu, getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá ákvæði 29., 31., 34. og 35. gr.

XI. Um mjólkursölu.

37. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, og getur nefndin bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu eða ástæða er til að ætla, eða vissa fyrir því að kýrnar sjeu veikar,

66

Berklaveikar manneskjur mega hvorki hirða kýr, mjólka eða hafa með höndum þá 15. júlí mjólk, er selja skal.

Heilbrigðisnefnd getur og bannað mjólkursölu, ef óþriflega er farið með mjólkina, eða hreinlæti í fjósum og hirðing kúnna er í svo löku standi, að erfitt verði að forðast að mjólkinn óhreinkist.

XII. Um brauðgerðarhús.

38. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum brauðgerðarhúsum, og eru bakarar skyldugir að hlýða fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir og þrifnað. Sama er og um brauðsölubúðir.

Framvegis má enginn reisa brauðgerðarhús eða setja bakaraofn í hús og byrja bakaraðn, fyr en hann hefir fengið leyfi heilbrigðisnefndar, og skal leyfið bundið þeim skilyrðum er hér segir:

Brauðgerðarhús skal vera bjart og loftgott, loft og veggir skulu vera kalkaðir eða sementaðir og gólf steinlímpt, asfalterað eða hellulagt.

39. gr.

Í brauðgerðarhúsum skal gæta alls þrifnaðar. Reyktóbaksnautn er þar bönnuð.

Allar stofur og klefa skal hreinsa að minsta kosti einu sinni á dag. Veggir og loft skal kalkbera eða mála einu sinni á ári.

Enginn má sofa í stofum, sem hafðar eru til brauðgjörðar.

Brauðgjörðamenn skulu hafa yst klæða hvítar yfirhafnir, og skulu þær jafnan vera hreinar. Þeir skulu þvo höfuð sitt og hendur áður en þeir taka til verka, en ekki mega þeir þvo sér í vinnustofunum.

Deig má ekki hnoða með fótunum.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem lungnatæring hafa eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

XIII. Um íbúðarhús.

40. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört, eða hrörlegt eða þröngt að heilbrigðisnefnd alítur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma svo nefndinni líki.

41. gr.

Ef kvartað er yfir því við heilbrigðisnefnd eða nefndin verður vör við að herbergi í íbúðarhúsi sé svo full af óþverra, að sjúkdómshætta stafi af því, getur heilbrigðisnefnd heimtað af leigjanda eða eiganda að þau sjeu ræstuð.

42. gr.

Bannað er að taka steinhús eða kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar. Enginn gluggalaus herbergi má nota til íbúðar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllum, ef þeir eru mjög rakir eða dimmir og þröngir. 66
15. júlí

XIV. Um skóla.

43. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða eða láta skoða öll skólahús, hvort heldur eru opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti í byrjun skóla ársins.

Hver sá er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætlar að kenna.

44. gr.

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 90 rúmfet komi á hvert barn að minsta lagi. Gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á hverjum degi, en ekki sópa.

45. gr.

Ef skólabarn, eða kennari hefir berklaveiki og læknir álitur að um mikla sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefndin bannað að barnið eða kennariinn komi í skólann, þar til sóttnæmishættan að dómi læknis er um garð gengin. Holdsveik börn mega ekki ganga í skóla, og holdsveikir menn ekki fást við barnakenslu.

XV. Um næma sjúkdóma.

46. gr.

Ef hættuleg farsótt kemur upp í bænum eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli, en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XVI. Um kirkjugarða.

47. gr.

Þá er gjöra skal nýjan kirkjugarð, eða stækka gamlan kirkjugarð, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað, að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

Varnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en nemi 100 álnum.

Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofan á kistu.

XVII. Um sektir o. fl.

48. gr.

Mál, sem rísa útaf brotum á samþykkt þessari, skal farið með eins og almenn lögreglumál.

66

15. júlí

49. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt, eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt og má þá græiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

50. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. september 1920.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut að máli.

I dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júlí 1920.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

67

16. júní

Erindisbrjef

fyrir yfirsíldarmatsmenn.

1. gr.

Yfirsíldarmatsmennirnir skulu hafa fulla þekkingu á því, hvernig síld skal vera að verkun og útliti, og hvernig á að fara með hana og verka hana, svo að hún verði talin góð vara á þeim stöðum, þar sem helstur er markaður fyrir hana.

2. gr.

Þeir hafa einir á hendi yfirumsjón með skoðun á nýrri síld, og merkingu á síldar-tunnum með saltaðri síld, sem út er flutt, hver í sínu umdæmi. Um framkvæmd og fyrir-komulag á matinu og skoðuninni eru settar eftirfarandi reglur.

3. gr.

Þeir hafa undirmatsmenn og síldarmatsmenn sjer til aðstoðar við skoðun nýrrar síldar, aðgreiningu og endurmat á saltaðri síld og merkingu á tunnum með saltaðri síld. Þeir senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um, á hverjum stað í umdæmi þeirra þurfi að skipa síldarmatsmenn, hve marga, og hverja ætti að skipa. Síldarmatsmennirnir eru skyldir að hlýða yfirsíldarmatsmanni samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í erindisbrjefi fyrir þá.